

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um lánshæfismat Landsvirkunar

Hinn 2. júlí sl lögðu borgarráðsfulltrúar Samfylkingar leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Lækkun á lánshæfismati Landsvirkunar sem kynnt var fyrr í vikunni vekur spurningar um ábyrgðir Reykjavíkurborgar vegna Landsvirkunar. Í samningi sem meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gerði um sölu hlutar Reykjavíkurborgar í fyrirtækinu var ekki gert ráð fyrir því að ábyrgðir borgarinnar féllu strax niður heldur gerir samningurinn ráð fyrir því að borgarsjóður og borgarþúar séu í fullum ábyrgðum vegna lána Landsvirkunar til 2012. Minnihlutinn í borgarstjórn gerði verulegar athugasemdir við þetta atriði við söluna. Óskað er eftir að borgarráði verði kynntar forsendur lækkunar lánshæfismats Landsvirkunar. Borgarráð fái jafnframt kynningu á rekstrarstöðu Landsvirkunar. Í því felist að gerð verði ítarleg grein fyrir fjármögnunarstöðu fyrirtækisins, með tilliti til langtíma og skammtíma fjármögnunar, endurfjármögnunarþarfar fyrirtækisins og fjármögnun framkvæmda. Þá verði fjármálaskrifstofu borgarinnar falið að greina hættuna á því að ábyrgðir vegna Landsvirkunar falli á borgina og mögulegar aðgerðir því til varnar.“

Jafnframt er spurt:

„Hver er nú upphæð ábyrgða borgarinnar vegna lána Landsvirkunar?

Samkvæmt sölusamningnum tryggir kaupandi (Íslenska ríkið) seljendum (Reykjavíkurborg) skaðleysi vegna ábyrgða á skuldbindingum Landsvirkunar eftir 1. janúar 2012. Hvers vegna var skaðleysi borgarinnar ekki tryggt strax við söluna?

Við hvaða aðstæður myndu ábyrgðir falla á borgarsjóð?

Hvernig er samskiptum og eftirliti borgarinnar með rekstri og fjárhag Landsvirkunar sinnt og hvernig var það útfært í tengslum við sölusamninginn.

Hverjar eru líkurnar á því að lækkað lánshæfismat Landsvirkunar hafi áhrif á lánskjör borgarinnar og þá hversu mikil?“

Hinn 16. júlí sl lögðu borgarráðsfulltrúar Samfylkingar leggja fram svohljóðandi fyrirspurn um Landsvirkjun, til viðbótar við fyrri fyrirspurn, sbr. 44. lið fundargerðar borgarráðs frá 2. júlí:

„Reykjavíkurborg átti, til 1. janúar 2007, 44,525% hlut í Landsvirkjun en þá keypti ríkið hlutinn. Samkvæmt sölusamningnum ber Reykjavíkurborg enn ábyrgð á 44,525% skulda Landsvirkunar sem stofnað var til fyrir sölu hlutarins, en meginþorri skulda Landsvirkunar eru frá þeim tíma. Af samlestri ársreikninga Reykjavíkurborgar og Landsvirkunar er erfitt að komast að annarri niðurstöðu en að hlutur Reykjavíkurborgar í ábyrgðargjaldi fyrirtækisins sé of lítil og jafnframt kunna að vera rök fyrir því að ábyrgðargjaldið sé óeðlilega lágt. Samkvæmt ársreikningi Reykjavíkurborgar 2008 fékk Reykjavíkurborg greiddar 208 milljónir króna í ábyrgðargjald vegna ábyrgða borgarinnar á lánum Landsvirkunar. Samkvæmt ársreikningi Landsvirkunar greiddi fyrirtækið ábyrgðargjald sem nemur 6.970 þúsund USD sem samsvarar 845 milljónum miðað við gengi 121,2 um áramótin. Þannig virðist hlutur Reykjavíkurborgar í ábyrgðargjaldsgreiðslunum vera innan við fjórðungur af greiddu ábyrgðargjaldi meðan hlutfallsleg ábyrgð borgarinnar er mun meiri. Því leggja fulltrúar Samfylkingar fram fyrirspurnir til viðbótar fyrri fyrirspurnum í borgarráði vegna ábyrgða Reykjavíkurborgar fyrir Landsvirkjun:

i) Hvernig kemur það ábyrgðargjald sem borgin fær greitt heim og saman við ábyrgðir borgarinnar?

ii) Hefur það ábyrgðargjald sem Landsvirkunar hefur greitt Reykjavíkurborg á undangengnum árum endurspeglad ábyrgðir borgarinnar á skuldum Landsvirkunar?

iii) Hver hefur setið ársfundi og eftir atvikum aðra fundi Landsvirkunar til að gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar eftir sölu á hlut borgarinnar í fyrirtækinu?

iv) Í 61. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið er fjallað um ríkisstyrki og ríkisábyrgðir. Samkvæmt greininni mega ábyrgðir opinberra aðila ekki vera ívilnandi fyrir fyrirtæki á borð við Landsvirkjun. Því verður ábyrgðargjald að endurspeglu þau kjör sem fyrirtækinu myndu bjóðast án slíkra ábyrgða. Hefur borgin látið gera sjálfstæða úttekt á því hvort ábyrgðargjaldið sem Landsvirkjun greiðir endurspeglu þann ávinning sem fyrirtækið hefur af ábyrgðum borgarinnar?“

Svar Fjármálaskrifstofu

Fjármálaskrifstofa hefur ekki framkvæmt sérstaka úttekt á rekstri eða rekstraráætlunum LV eða greint hugsanlegar áhættur í því sambandi en fulltrúar LV gerðu rækilega grein fyrir þessum atriðum á fundi borgarráðs 6. ágúst sl.

Forsendur lækkunar á lánshæfismati Landsvirkunar: Sjá framlögð gögn frá Standard & Poors sem kynnt voru á fundi borgarráðs 6. ágúst sl. Fram kemur í greinargerð Standard & Poors að USD 300 milljónir lánafyrirgreiðsla SÍ komi vel á móti slakri lausfjárstöðu LV. Skýringar á lækkun á lánshæfismati LV skv. Standard & Poors byggjast á því að efast er um getu íslenska ríkisins varðandi umræddar ábyrgðir en ekki vilja ríkisins. Þá eru þau viðhorf þekkt erlendis að íslenska ríkið hafi með setningu *neyðarlaga* breytt réttarstöðu erlendra kröfuhafa í samamburði við innlenda kröfuhafa og að þetta kunni að eiga þátt í ofangreindri niðurstöðu.

Áhrif lækkaðs lánshæfismats LV á lánskjör borgarinnar: Það er ekkert beint samband á milli lánshæfismats LV og borgarinnar. Skv. nýjstu upplýsingu hefur lánshæfismati ríkisins ekki verið breytt. Það hefur komið fram hjá erlendum lánshæfismatsfyrirtækjum að lánshæfi



ríkis hafi undantekningarlítið mikil áhrif á lánshæfismat allra innlendra efnahagseininga. Í nýlegu skuldabréfaútboði borgarinnar kom fram sterkt lánshæfismat innlenda markaðsins á borginni og virtist skuldastaða LV þar engin áhrif hafa.

Upphæð ábyrgða borgarinnar vegna lána Landsvirkunar: Staða lána, sem tekin voru á meðan borgin var meðeigandi að LV, var 247 ma kr í árslok 2008 og ábyrgðarlutur borgarinnar nam 110 ma kr þ.e. 44,53% hlutur. Gengisvísitala við árslok 2008 var um 216 en er 25. ágúst 2009 um 237 stig og hefur hækkað um 9,85% sem gefur vísbendingu um hækkun þessarar ábyrgðar á árinu.

Hættan á því að ábyrgðir vegna Landsvirkjunar falli á borgina og mögulegar aðgerðir því til varnar: Ábyrgðir vegna lána LV eru hlutfallslegar og einfaldar gagnvart þeim lánnum sem tekin voru á þeim tíma sem borgin var meðeigandi í LV og gilda út lánstíma samkvæmt 6. grein samningsaðila. Með samningnum fylgir yfirlýsing fjármálaráðherra um skadleysi borgarinnar frá og með 1. janúar 2012, sjá meðfylgjandi umsögn borgarlögmans.

„Samkvæmt því sem fram kemur í 6. gr. samnings um sölu á eignarhlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun, sem undirritaður var 1. nóvember 2006 og samþykktur í borgarstjórn Reykjavíkur 21. nóvember s.á. og kveðið er á um í lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun, sbr. 1. gr. laga nr. 154/2006, ber Reykjavíkurborg og Akureyrarbær með ríkissjóði einfalda ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað var til fyrir árslok 2006 og helst sú ábyrgð þar til skuldbindingar hafa að fullu verið efnar. Eftir 1. janúar 2012 mun íslenska ríkið tryggja sveitarfélögunum skadleysi slíkrar ábyrgðar á þessum skuldbindingum Landsvirkjunar.

Í einfaldri ábyrgð eignaraðila felst að ekki verður gengið að ábyrgðaraðilanum, fyrr en ljóst er um þrot fyrirtækisins. Þegar það liggur fyrir geta lánveitendur gengið að hvaða eiganda fyrirtækisins sem er og krafði hann um greiðslu á eftirstöðvum kröfu sinnar. Sá eigandi sem greitt hefur kröfu með þessum hætti á þá endurkröfufurtt á meðeigendur sína en innbyrðis skiptist ábyrgðin eftir eignarhlutföllum. Íslenska ríkið mun eftir 1. janúar 2012 tryggja Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ skadleysi ábyrgðar á þeim skuldbindingum Landsvirkjunar sem sveitarfélögin eru í ábyrgð fyrir og kunna að falla á þau eftir þann tíma eins og áður greinir. Íslenska ríkið er því skuldbundið til að gera Reykjavíkurborg jafn setta og ef greiðsla á skuldbindingum Landsvirkjunar hefðu gengið eftir. Þannig ber íslenska ríkið að greiða Reykjavíkurborg allt það tap eða það tjón, þ.m.t. afleitt tjón s.s. vegna lögfræðikostnaðar, sem Reykjavíkurborg kann að verða fyrir vegna þess.“

Áætlað er að afborganir af langtímalánum LV til loka árs 2011 nemi um USD 580 milljónum. LV hefur aðgengi að um USD 308 milljónum í erlendum lánalánum, samning um USD 300 milljóna lánaþyrngreiðslu Sedlabanka Íslands og USD 95 milljónir í handbært fé. Samtals USD 703 milljónir. Það er mat LV að fyrirtækið hafi tryggt fjármögnun vegna lána til loka árs 2011 að því gefnu að ekki verði um frekari framkvæmdir að ræða. Það er mat Fjármálaskrifstofu að áhættur borginnar felist aðallega í tveimur áhættum varðandi fjármögnun lánagreiðslna til ársloka 2011. Annars vegar í áhættunni á því að umræddur samningur við erlenda banka um lánalínu að fjárhæð USD 308 milljónir lokist. LV dró USD 20 milljónir af upphaflegri lánalínu eftir bankahrunið í því skyni að kanna hvort lánalínan virkaði og reyndist svo vera. Lækkandi lánshæfismat LV hefur tæplega áhrif hér þar sem engir fyrirvarar eru í umræddum samningum um lánalínur. Hins vegar áhættunni sem fælist í því að stjórn LV taki ákvörðun um nýjar fjárfestingar fyrir lok árs 2011. Mikilvægt er fyrir Reykjavíkurborg að til þess komi ekki á umræddu tímabili enda gæti það sett greiðslugetu LV í uppnám. Í þessu sambandi má benda á að borgin hefur ekki aðkomu að ákvarðanatöku LV um fjárfestingar en í fyrirliggjandi yfirlýsingu ríkisstjórnar er einmitt gert ráð fyrir nýframkvæmdum í orkugeiranum. Hvað varðar mögulegar aðgerðir til varnar er eðlilegast að borgin og ríkið semji um að komi til nýrra fjárfestinga og lántöku af þeim sökum hjá LV taki yfirlýsing um skadleysi borgarinnar gildi frá sama tíma ella verði slík ákvörðun ekki tekin nema með samkomulagi ríkis og borgar. Almennt er hægt að kaupa varnir gegn hvers kyns óvissu. Fræðilega má hugsa sér að borgin kaupi tryggingu komi til gjaldþrots (CDS) en við þær aðstæður einar reynir á ábyrgð borgarinnar til loka árs 2011. Samkvæmt núverandi skuldtryggingarálagi ríkisins (ríflega 500 punktar eða 5%) er ljóst að slík trygging yrði mjög dýr og raunar ekki víst hvort markaður væri fyrir slíkan fjármálagjöning. Það skal ítrekað að ofangreind greining á áhættu vegna fjármögnunar byggir á fyrirliggjandi rekstraráætlun LV.

Samskipti og eftirliti borgarinnar með rekstri og fjárhag Landsvirkjunar: Í samningi um sölu á hlut Reykjavíkurborgar til ríkisins er ekki ákvæði um samskipti og eftirlit borgarinnar með rekstri og fjárhag LV enda þótt aðstæður LV geti haft áhrif á hvort reyni á ábyrgðir borgarinnar. Fjármálaskrifstofa hefur rætt við fjármálastjóra LV um að taka upp óformleg samskipti þannig að tryggt sé að borgin fái uppgjör um LV og þær upplýsingar sem hún þarf vegna ábyrgðar sinnar tímanlega.

Greiðslur LV á ábyrgðargjaldi: Eftir 1. janúar 2007 hafa komið til nýjar skuldir sem Reykjavíkurborg ber ekki ábyrgð á. Þannig eru skuldir LV í árslok 2008 USD 2.789 milljónir eða 338 milljarðar ISK. Skuldir sem ábyrgð Rvk nema um 110 ma kr eins og áður segir eða um 32% af heildarskuldum Landsvirkjunar. Aðferðarfræðin við útreikning ábyrgðargjalds er þannig að ábyrgðargjaldið er greitt fjórum sinnum á ári. Gjaldið er 0,25% á ári eða 0,0625% á hverjum ársfjórðungi. Gjaldið er ákveðið með lögum um ríkisábyrgðir nr. 121/1997 og í sömu lögum er kveðið á um aðferð við útreikning ábyrgðargjalds. Þau lán sem borgin ber ábyrgð á eru í mörgum erlendum myntum sem og í íslenskum krónum. Aðferðarfræðin við útreikninginn er sú að staða þessarra lána er reiknuð yfir í íslenskar krónur þann 10, 20 og á lokadegi hvers mánaðar. Það er því tekið meðaltal á stöðu lánanna á 9 dagsetningum sem mynda stofninn til útreiknings. Staða lánanna er því sífbreytileg. Ábyrgðargjaldið er greitt í ISK til borgarinnar en bókað í USD hjá LV. Sérfræðingur Fjármálaskrifstofu hefur kynnt sér framkvæmd LV og yfirfarið undirgögn. Gengisþróun á árinu 2008 var með þeim hætti að gegni krónunnar veiktist gríðarlega á árinu. Gengi USD var í ársbyrjun um 62 krónur en um 121 króna í árslok. Vegna þessa er mikil munur á greiðslum í USD hvort þær voru inntar af hendi í ársbyrjun eða árslok. Ábyrgðargjald LV er greitt fjórum sinnum á ári eins og áður sagði. Greiðslur til Reykjavíkurborgar fóru hækkandi eftir því sem leið á árið í samræmi við gengisþróun.



	2008	Greiðslur í ISK	Viðmiðunargengi	Greiðslur í USD
	15.4.2008	48.095	76,67	627,30
	15.7.2008	52.617	79,26	663,85
	15.10.2008	53.727	101,44	529,64
	31.12.2008	70.279	120,87	581,44
		224.718		2402,24

Skv. bókhaldsgögnum fékk Reykjavíkurborg greiddar 224,7 mkr. Sé þetta reiknað yfir í USD mv. viðmiðunargengi (bókunargengi LV) gerir það 2.402 þús USD eða um 34,5% af heildargreiðslum Landsvirkjunar í USD. Reykjavíkurborg ber hins vegar ábyrgð á um 32% af skuldum Landsvirkjunar og þessi munur stafað af stöðu einstakra mynta í lánasafninu á hverjum tíma. Ábyrgðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í heildarlánasafni Landsvirkjunar er líka breytileg stærð sem breytist í samræmi við gengishreyfingar einstakra mynta. Það er niðurstaða Fjármálaskrifstofu að ábyrgðargjald LV er rétt reiknað í samræmi við lögð og bókhaldsgögn.

Endurspeglar ábyrgðargjald ábyrgðir borgarinnar: Vextir og álagsgjöld á lán endurspeglar almennt verðmæti þeirrar ávöxtunarkröfu og áhættumats sem lánveitandi telur sig taka. Lögjafinn hefur ákvarðað að ábyrgðargjald vegna lána LV skuli vera 0,25%. Fyrir liggur úrskurður á vegum EFTA að opinberum aðilum sé óheimilt að skekkja samkeppnisstöðu gagnvart markaði með ábyrgðum á lánum eigin fyrirtækja nema að á móti komi eðlileg gjaldtaka, þ.e. að ábyrgðargjald endurspeglar vaxtamun sem leiðir af opinberri ábyrgð. Fram kom hjá fulltrúum LV á fundi borgarráðs þann 6. ágúst sl. að EFTA hefur hafið rannsókn á lánskjörum fyrirtækja í opinberri eigu og á almennum markaði á Íslandi til að kanna hvort opinberu fyrirtækin (LV) hafi notið óeðlilegra kjara sem gæti haft áhrif til endurskoðunar á ábyrgðargjaldi.

Nokkrar af ofangreindum fyrirspurnum varða atriði sem Fjármálaskrifstofa hefur ekki upplýsingar um, s.s. hverjir sátu ársfundi LV á meðan Reykjavíkurborg átti eignarhluta í LV.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri